

Atvinnuveganefnd Alþingis.

Varðandi tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, Hvammsvirkjun, mál nr 244.

4.nóvember 2014

## Athugasemdir stjórnar Veiðfélags Þjósár.

Stjórn Veiðfélags Þjósár mótmælir harðlega tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landssvæða nr 13/141.

Stjórn Veiðfélags Þjósár hefur bent á að mikið vanti á að fyrirbyggjandi rannsóknir séu fullnægjandi um ýmis grundvallaratriði varðandi stofnstærðir fiska, gönguhegðun og fæðu þeirra ásamt langtíma sveiflum af náttúrulegum ástæðum. Áhrif virkjana á lífríki árinna eru talin verða mikil að mati vísindamanna og jafnvel muni virkjanir tortíma fiskstofnunum. Á þetta hefur verið bent af stjórnarmönnum Veiðfélags Þjósár í öllu ferli rammaáætlunar í þeim tilgangi að vekja athygli á stöðu mála og þeirri trú að til standi að vinna faglega að mati á vernd og orkunýtingu auðlinda Íslands.

Sú staðreynd að **verulega skortir á þekkingu um lífríki Þjósár** varð til þess að hugmyndir um virkjanir í neðri hluta árinna voru settar í biðflokk.

Hinn 12. júlí 2013 setti núverandi umhverfis- og auðlindaráðherra viðauka við erindisbréf verkefnisstjórnar um 3. áfanga verndar og orkunýtingaráætlun þar sem tilmælum er beint til verkefnisstjórnarinnar að forgangsraða vinnu sinni þannig að hún framkvæmi eins fljótt og auðið er mat á þeim sex virkjunarkostum sem færðir voru úr nýtingarflokki í biðflokk eftir umsagnarferli annars áfanga rammaáætlunar og þeim tveimur kostum sem ekki fengu fullnægjandi mat í meðförum fyrri verkefnisstjórnar, þ.e. Hagavatn og Hólmsá við Atley. Óskað var eftir því að tillögur verkefnisstjórnar um framangreinda kosti myndu liggja fyrir ekki síðar en 15. febrúar 2014 til að unnt væri að leggja fram nýja tillögu til þingsályktunar á vorþingi 2014.

Að mati stjórnar Veiðfélags Þjósár var þessi gjörningur aðför að lífríki Þjósár, þar sem augljósleg yrði ekki um faglega vinnu að ræða auk þess sem tímaramminn kæmi í veg fyrir frekari rannsóknir. Enda varð ljóst á haustmánuðum 2013 að verkefnisstjórn myndi eingöngu ná að fjalla um virkjunarkostina þrjá í Þjósá innan þess skamma frests sem gefinn var. Í júlí 2013 fól verkefnisstjórn Skúla Skúlasyni prófessor við Háskólann á Hólum að gera úttekt á öllum fyrirbyggjandi rannsóknum á laxfiskum í Þjósá. Skúli fékk til liðs við sig Harald Rafn Ingvason líffræðing. Að höfðu samráði við Skúla og Harald ákvað verkefnisstjórn að óska eftir nánari skýringum frá Landsvirkjun varðandi útfærslu virkjunarkostanna þriggja. Verkefnisstjórn skipaði tímabundinn faghóp til að fara yfir skýrslu Skúla og Haraldar og svör Landsvirkjunar við ábendingum þeirra. Faghópurinn var skipaður 22. október 2013 og skilaði af sér þann 4. nóvember, þ.e. átta virkum dögum eftir skipun. Í erindisbréfi faghópsins er hlutverki hans lýst á eftirfarandi hátt: *„Eina verkefni faghópsins felst í því að meta hvort fyrirbyggjandi upplýsingar um áhrif virkjananna þriggja á laxfiska í Þjósá hafi dregið nægjanlega mikið úr þeirri óvissu, sem leiddi til þess að virkjunarkostirnir voru færðir úr nýtingarflokki í biðflokk við endanlega afgreiðslu á tillögum verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar, til þess að unnt sé að raða einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk á nýjan leik.“*

Faghópurinn gerði greinarmun á þeim svæðum í Þjósárkerfinu þar sem útbreiðsla göngufiska er náttúruleg þ.e. neðan við fossinn Búða og þeim svæðum þar sem útbreiðslan er vegna “atbeina mannsins” en þar var gerður fiskstigi árið 1991. Um það svæði segir í nýrri skýrslu Veiðimálastofnunar, fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjósár árið 2013 VMST/14001: Seiðabúskapur mældist almennt góður í Þjósá og þverám á árinu. Þéttleiki sumargamalla laxaseiða, hvort sem um ræðir ofan eða neðan Búða, var þó mun lægri en greinst hafði 2012 þegar hann var óvenju mikill. Þetta kemur

ekki á óvart, þar sem hrygning dróst saman á milli ára í kjölfar lélegrar laxgengdar sumarið 2012. Óvenju góður þéttleiki sumargamalla seiða ofan Búða 2012 skilaði sér þó vel á milli ára og var jafnaðarþéttleiki þeirra á viðmiðunarstöðum sá næst hæsti sem greinst hefur. Þróun seiðaþéttleikans í Þjórsá ofan Búða bendir því áfram til góðs framgangs í landnámi laxins ofan Búða. Auk aukningar í þéttleika er laxinn að nema nýjar lendur þannig að ný svæði koma inn í framleiðslu laxaseiða. Mjög góð laxgengd var upp stigann við Búða 2013, sú allra besta frá upphafi talninga. Það er í takt við aukið uppeldi laxaseiða ofan Búða og vaxandi landnámsáhrifa, sem allt bendir til að áfram geti gætt á næstu árum.

Niðurstaða verkefnastjórnar rammaáætlunar er að setja Hvammsvirkjun í nýtingarflokk. Sú ákvörðun byggist ekki á vísindalegum grunni eða aukinni þekkingu.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur á öllum stigum þessa máls vakið athygli á þekkingarskorti um laxfiska í Þjórsá. Aðalfundur félagsins hafa ályktað þar um. Stjórn Veiðifélags Þjórsár harmar þessi inngríp ráðherra og lýsir allri ábyrgð á hendur honum.

Verður ekki séð að unnt verði að hafa áhrif á framgang þessa máls þar sem því er þeytt áfram af kröftum sem láta staðreyndir ekki teifa fyrir sér.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár vísar til meðfylgjandi fyrri athugasemda.

Meðfylgjandi gögn:

1. Umsögn stjórnar Veiðifélags Þjórsár til umhverfis og samgöngunefndar um 89.þingmál, 8.nóvember 2012.
2. Erindi formanns Veiðifélags Þjórsár til verkefnisstjórnar 3.áfanga um vernd og orkunýtingu landssvæða, 12.desember 2013.
3. Erindi stjórnar Veiðifélags Þjórsár til verkefnisstjórnar 3.áfanga um vernd og orkunýtingu landssvæða, 14.mars 2014.

F.h. stjórnar Veiðifélags Þjórsár

Stöðulfelli 4.nóvember 2014

---

Oddur Bjarnason formaður

Nefndarsvið Alþingis.

Umhverfis og samgöngunefnd.

Umsögn stjórnar Veiðifélags Þjórsár um 89. Þingmál um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár telur sig ekki hafa vísindaleg gögn til að leggja fram til grundvallar á mati um vernd eða nýtingu landssvæða. Varðandi hugmyndir um virkjun neðri hluta Þjórsár gerir stjórn Veiðifélags Þjórsár alvarlegar athugasemdir við hvernig umræða hefur verið um rannsóknir og nýtingu í og við Þjórsá. Í þeirri umræðu er Landsvirkjun leiðandi aðili, rannsakandi og væntanlegur notandi auðlindarinnar.

Að mati stjórnar Veiðifélags Þjórsár vantar mikið á að fyrirliggjandi rannsóknir séu fullnægjandi um ýmis grundvallaratriði.

Eitt þeirra er varðandi stofngerðir og stærðir þeirra og langtíma sveiflur þeirra af náttúrulegum ástæðum. Í því sambandi er bent á bókun aðalfundar félagsins frá 3.apríl sl.:

### **Ályktun aðalfundar Veiðifélags Þjórsár, haldinn að Laugarlandi í Holtum 3. Apríl 2012:**

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár fagnar framkomnum breytingum á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda að því er varðar Þjórsá.

Þrátt fyrir rannsóknir á lífríki Þjórsár frá árinu 2001, er Landsvirkjun fékk Veiðimálastofnun til samstarfs við undirbúning virkjana í Þjórsá, hafa vísindamenn ekki vitneskju um stofnstærð sjógöngusilungs eða lax í ánni.

Vegna villandi umræðu um rannsóknir á lífríki Þjórsár skorar fundurinn á Veiðimálastofnun að sjá til þess að gerð verði stofnstærðarmæling á sjógöngufiski í ánni. Það er mat aðalfundar Veiðifélags Þjórsár að stofnstærðarmæling eigi að vera fyrsta skref ef rannsaka á lífríki árinna frekar.

Aðalfundurinn telur að stofnstærðarmæling sé grundvallaratriði. Vitneskja um stærðir fiskstofna í ánni þurfa að liggja fyrir áður en mögulegt er að áætla á hvern hátt eigi að vernda lífríki árinna komi til mannvirkjagerðar í og við ána. Fyrir en stofnstærðir liggja fyrir er hvorki hægt að segja til um fæðu- og búsvæðapörf né hve umfangsmiklar mótvægisáðgerðir þarf að ráðast í.

Ógerlegt er að meta tjón á óþekktri stærð fiskstofna.

Samskipti Landsvirkjunar við Veiðifélag Þjórsár eru nánast engin en stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur vakið athygli fyrirtækisins á hlutverki sínu.

Ekki hafa verið lögð fyrir stjórn veiðifélagsins vísindalega unnin gögn óháðra aðila, sem gefi til kynna að lausnir séu fundnar á virkjun árinna án hættu fyrir lífríki árinna. Telur stjórn veiðifélagsins rétt að fram komi hver er saga samstarfs félagsins og Landsvirkjunar, hver eru helstu vafaatriði við lausnir Landsvirkjunar eins og þær hafa verið kynntar opinberlega, hverjir ágallar eru á starfsemi Veiðimálastofnunar sem helsta ráðgjafa Landsvirkjunar og hverjar eru kröfur eigenda veiðiréttar.

## **1. Samskipti Landsvirkjunar við Veiðifélag Þjórsár.**

Stjórn Veiðifélags Þjórsár sendi Landsvirkjun bréf 8. mars, 2010 þar sem óánægju stjórnarinnar með samskipti var lýst. *Fylgiskjal 1.* Engin viðbrögð komu frá Landsvirkjun.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár sendi Landsvirkjun bréf 28. Janúar, 2011 með ósk um upplýsingar. *Fylgiskjal 2.* 28.02.2011 svaraði Landsvirkjun spurningunum í bréfi til Veiðifélags Þjórsár. Svörin vöktu fleirri spurningar en þau svöruðu.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár sendi Landsvirkjun bréf 1. desember, 2011. *Fylgiskjal 3.* Ekkert svar barst.

## **2. Afstaða Veiðifélags Þjórsár til hugsanlegra framkvæmda Landsvirkjunar.**

Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur efasemdir um að mögulegt sé að bjarga fiskstofnum Þjórsár verði virkjað í neðri hluta árinna. Mótvægisáðgerðir þær sem Landsvirkjun hefur kynnt eru ekki líklegar til árangurs. Efasemdum sínum hefur stjórn veiðifélagsins komið á framfæri í umsögn um rammaáætlun, *fylgiskjal 4*, 9. Nóvember 2011 og umsögn Veiðifélags Þjórsár um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, *fylgiskjal 5*, 2. maí, 2012. Í þessum umsögnum kemur fram á hvern hátt Landsvirkjun hefur hundsáð Veiðifélag Þjórsár, hverjar efasemdir veiðifélagsins eru um hugsanlegar áðgerðir í ánni og krafa um raunhæfar langtíma rannsóknir og í framhaldi þeirra vísindalegar, fullmótaðar lausnir sem öruggt er að hafi ekki áhrif á núverandi lífríki árinna. Þá hefur stjórn Veiðifélags Þjórsár gert athugasemdir við starfsemi Veiðimálastofnunar en stofnuinni hefur aldrei hafið starfsemi á þann hátt sem lög nr 59/2006 segja til um, *fylgiskjal 6*.

Eins og áður segir hefur Landsvirkjun sniðgengið Veiðifélag Þjórsár algjörlega.

Mat stjórnar Veiðifélags Þjórsár er að niðurstöður langtíma-rannsóknna óháðra aðila þurfi að liggja fyrir um eftirtalda þætti áður en mögulegt er að útfæra lausnir til bjargar lífríkis árinna:

- a. Stofnstærðum og sveiflum í stærð þeirra milli ára.
- b. Göngu fiska.
- c. Hrygningasvæðum.
- d. Fæðu og uppeldisskilyrðum.

Verði ákveðið að ráðast í virkjun árinna þarf Veiðifélag Þjórsár að vera aðili að undirbúningi framkvæmda ásamt nauðsynlegum viðbótarrannsóknum óháðra vísindamanna á:

- e. Rennslisbreytingum og útskolun lóna, áhrif og afleiðingar.
- f. Áhrif á vistkerfi.
- g. Viðbragðsáætlun.

Tryggt þarf að vera að allt árið sé jafnt vatnsmagn í núverandi farvegum, og öðrum þeim farvegum sem fiskur gengur um, nægjanlegt til göngu, hrygningar og uppeldis. Einnig að ekki eigi sér stað flóð í ánni sem afleiðing af starfsemi virkjana.

Sýna þarf fram á með óyggjandi hætti að ekki verði afföll seiða í lónum og að seiðaveitur muni virka með fullu öryggi þannig að seiði komist fram hjá virkjunum og til sjávar.

Áður en framkvæmdir hefjast verði búið að rannsaka sveiflur á stærð fiskstofna í ánni, breytingar á lífsskilyrðum milli ára, hverju þarf að breyta í farvegum neðan við stíflur og að tryggt verði að þær aðgerðir verði framkvæmdar á vel völdum tíma með tilliti til gönguhegðunar sjóbirtings og laxs.

Ekki verði hleypt botnfalli úr lónum út í farvegi neðan við stíflur.

Landsvirkjun greiði fyrir Veiðifélag Þjórsár kostnað sérfræðivinnu sem veiðifélagið þarf að fá unna til að yfirfara hönnunargögn og fyrirliggjandi upplýsingar er lúta að lífríki Þjórsár, ásamt viðbótarrannsóknum.

Komi til þess að virkjað verði í neðri Þjórsá skulu Veiðifélag Þjórsár og Landsvirkjun hafa með sér náð samstarf um rannsóknir og eftirlit með lífríki árinna. Gerður verður samstarfssamningur milli aðila. Kostnaður allur falli á Landsvirkjun.

8. nóvember, 2012

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Þjórsár,

---

formaður

### Verkefnisstjórn 3. áfanga um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Tillaga verkefnisstjórnar um færslu Hvammsvirkjunar í Þjórsá í orkunýtingarflokk.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur talið rannsóknum um lífríki Þjórsár verulega ábótavant. Þessari skoðun hefur félagið komið inn í öll umsagnarferli rammaáætlunar, fyrir ýmsum nefndarsviðum Alþingis og hvar þar sem talin hefur verið ástæða til, í þeim tilgangi að stöðva framgang mögulegra framkvæmda í neðri hluta Þjórsár á vegum Landsvirkjunar, nema úr verði bætt. Við gerð tillögu til þingsályktunar fyrir 140. löggjafarþingi, 2011-2012 var gert ráð fyrir þremur virkjunum í neðri hluta Þjórsár í orkunýtingarflokk. Umsagnir sem bárust urðu til þess að Alþingi samþykkti að setja ofangreinda virkjunarmöguleika í biðflokk. Í þeirri þingsályktun segir:

*Þjórsá 29 Hvammsvirkjun Rökstuðningur: Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) var raðað í orkunýtingarflokk í þeim drögum sem send voru til umsagnar 19. ágúst 2011. Í innsendum umsögnum vegna Hvammsvirkjunar (29) og Holtavirkjunar (30) kemur fram að áhrif virkjananna á laxfiska í Þjórsá séu talin óljós og þarfnist frekari rannsókna við, sbr. umfjöllun um Urriðafossvirkjun (31) hér að framan. Með vísan til þess að afla þurfi frekari upplýsinga um hvaða áhrif Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) muni hafa á laxfiska í Þjórsá er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að virkjunarkostirnir verði flokkaðir í biðflokk. Varúðarsjónarmið liggja að baki þeirri tillögu. Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdirnar geti haft á laxfiska í ánni. Með hliðsjón af þeim rannsóknum leggur verkefnisstjórn til flokkun virkjunarkostanna að nýju í samræmi við lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.*

Ekkert nýtt hefur komið fram sem skýrir hverjar afleiðingar virkjana í Þjórsá verða. Telja verður að skortur á vísindalegri þekkingu sé sá sami í dag og hann var er ákveðið var setja allar virkjanirnar í biðflokk. Því er mat faghóps frá 4.nóvember, 2013 óskiljanlegt. Samantekið virðist sem niðurstaða faghópsins sé:

1. Faghópurinn gerir greinarmun á þeim svæðum þar sem útbreiðsla göngufiska er náttúruleg og þeim svæðum þar sem útbreiðslan er vegna atbeina mannsins, þ.e. ofan Búða. Svæðið ofan Búða er nú áætlað vera um 48% af útbreiðslu laxa í Þjórsá og hliðarám og 10% af framleiðslusvæði fyrir laxa. Fyrirhugað lón Hvammsvirkjunar mun raska um 68% af þessum búsvæðum ásamt því að hafa talsverð áhrif á stofna urriða og bleikju.
2. Faghópurinn telur að reynsla af starfsemi seiðafleytu við Hvammsvirkjun mun draga umtalsvert úr óvissu um virkni mótvægisáðgerða.
3. Faghópurinn segir áætlanir Landsvirkjunar um vöktun á fiskstofnum Þjórsár eftir mögulega byggingu virkjana þurfa að vera skýrari.

4. Faghópurinn bendir á að ekki liggur fyrir skipuleg viðbragðsáætlun ef einhver mótvægisáðgerða reynist illa eða mistekst, en slík áætlun er nauðsynleg.
5. Faghópurinn telur nauðsynlegt að formlegar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar vegna virkjananna þrjú þurfi að vera mun ítarlegri og hver áðgerð verði sérstaklega rökstudd í greinargerð um framkvæmd með tilvísun í viðeigandi rannsóknargögn og heimildir.
6. Faghópurinn hefur áhyggjur af lítilli þekkingu á göngu- og staðbundnum stofnum urriða og bleikju í Þjórsá og hvetur til að rannsóknir á þeim verði stórauknar.
7. Um Holtavirkjun segir faghópurinn að rannsóknir skorti, þær rannsóknir sem gerðar hafa verið af starfsmönnum Veiðimálastofnunar eru mikilvægar grunnforsendur en ljóst er að meiri rannsókna og áætlana er þörf, t.d. rannsóknir á hrygningarsvæðum og –tímum lax og sjóbirtings. Telur hópurinn að formleg tillaga Landsvirkjunar að mótvægisáðgerðum sé í rétta átt, en dragi ekki úr óvissu. Nákvæm útfærsla formlegra mótvægisáðgerða er sérstaklega mikilvæg. Nauðsynlegt er að betrubæta áætlanir um rennisskýringu sem taki tillit til þarfa laxfiska á mismunandi ævistigum. Jafnframt er nauðsynlegt að setja fram formlegar áætlanir um búsvæðagerð og breytingar á farvegum.
8. Faghópurinn bendir á að Urriðafossvirkjun mun hafa áhrif á nánast öllu útbreiðslusvæði laxfiska í Þjórsá.
9. Stífla vegna lóns við Heiðartanga mun án mótvægisáðgerða taka fyrir alla fiskgengd í Þjórsá og hindra aðgang að 78% náttúrulegra búsvæða og 88% allra búsvæða laxfiska.
10. Faghópurinn telur mikila óvissa vera um niðurgönguáferli seiða. Ef ráðist verður í Hvammsvirkjun gefst tækifæri til að eyða þeirri óvissu. Einnig gæfist þá tækifæri til að afla mikilvægra upplýsinga um straumakerfi í lónum og tengsl þess við atferli laxfiska.

Af ofangreindu má segja að faghópurinn sé með tillögu sinni um Hvammsvirkjun í orku-nýtingarflokk að leggja til að framkvæmt verði einhvers konar tilrauna- og rannsóknarverkefni í ánni. Í raun er þá lífríki Þjórsár lagt undir svo mögulegt sé að komast að því hver verði áhrif virkjana í ánni á lífríkið. Ekki er um að ræða að í ferli þessu hafi verið unnar neinar rannsóknir, eingöngu voru lesnar yfir fyrirbyggjandi rannsóknaniðurstöður, sem í raun virðist hafa staðfest það sem haldið hefur verið fram um þekkingarskort á lífríki Þjórsár.

Faghópurinn gerir greinamun á fiski úr einum og sama stofni, eftir því hvort hann hryggir ofan eða neðan við fossinn Búða og telur ásættanlegt að fremja þessa atlögu að þeim hluta sem er ofan fossins. Svæðið ofan við Búða hefur verið fiskgengt í 22 ár. Vistkerfið sem var í Þjórsá fyrir tilkomu fiskstigans við Búða tilheyrir fortíðinni. Fyrir ofan Búða eru góðar laxveiðiár, þverá, Sandá og Fossá. Að telja fiskinn sem

þar lifir óæðri hinum sem ekki fer eins langt upp ána er einkennileg afstaða og mun ekki standast skoðun.

Óskiljanlegt er hvernig hægt er að mæla með Hvammsvirkjun í Þjórsá á sama tíma og skortur á þekkingu er jafn mikill og fram kemur í skýrslu faghópsins og í hinum ýmsu samantektum og álitum sérfræðinga NASF-North Atlantic Salmon Fund, stjórnar Veiðifélags Þjórsár og fleiri. Skýrsla Skúla Skúlasonar prófessors og Haraldar Rafn Ingvasonar líffræðings er mjög til að draga fram hvar þarf að gera betur. Í skýrslunni er bent á skerðingu búsvæða, stífla og virkjun munu valda afföllum, fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu ekki fullnægjandi, þekkingu skortir á hrygningarstöðvum og búsvæðum. Þá er mælt með að gerð verði heildræn greining á afkomu stofnsins og lagt mat á endurkomuhlutfall fyrir göngustofna.

Veiðifélag Þjórsár fer fram á að Verkefnastjórn 3. áfanga um vernd og orkunýtingu landssvæða endurskoði tillögu sína um að Hvammsvirkjun verði færð í orkunýtingarflokk.

Stöðulfelli 12. desember, 2013

---

Oddur Bjarnason formaður Veiðifélags Þjórsár



## Verkefnisstjórn 3.áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Stöðulfelli 14.mars 2014

Tillaga verkefnisstjórnar um færslu Hvammsvirkjunar í Þjórsá í orkunýtingarflokk.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár telur sig ekki hafa, frekar en nokkur annar, fullnægjandi vísindaleg gögn til að styðjast við þegar leggja þarf fram mat um vernd eða nýtingu Þjórsár. Telur stjórnin að það sama eigi við um hvern þann aðila sem fullyrðir um lífríki Þjórsár. Eigi að taka faglegar og ábyrgar ákvarðanir um framtíð þess lífs sem þrífst í ánni í dag verður að auka verulega við þekkingu manna á hinum ýmsu náttúrulegu þáttum sem í heild mynda lífvænlega umgjörð fyrir fisk í ánni.

Að mati stjórnar Veiðifélags Þjórsár vantar mikið á að fyrirliggjandi rannsóknir séu fullnægjandi um ýmis grundvallaratriði varðandi stofnstærðir fiska, gönguhegðun og fæðu þeirra ásamt langtíma sveiflum af náttúrulegum ástæðum.

Þekkingarskorturinn er augljós varðandi lífslíkur fiska með tilkomu virkjunar, og verður eingöngu um að ræða að vona það besta, þar sem ekki er þekkt hverjar verða breytingar á fæðu og göngumöguleikum fiska. Svo virðist sem óljósar mótvægisáðgerðir framkvæmdaaðila eigi að vega upp þau vandamál sem kunna að skapast .

Ekki hefur verði sýnt fram á að boðaðar mótvægisáðgerðir muni skila hlutverki sínu. Aftur á móti er fullvíst að virkjanir í neðri hluta Þjórsár munu útrýma laxfiski í ánni án mótvægisáðgerða. Ljóst er að mótvægisáðgerðir verða að vera með allri þeirri virkni sem kynnt hefur verið. Minnstu frávík munu hafa veruleg neikvæð áhrif.

Það er óásættanlegt að varnaðarorð mikils metinna vísindamanna séu hunsuð eða þau sögð vera byggð á misskilningi eða vanþekkingu og þá gjarnan af væntanlegum virkjunaraðila. Hlusta ber á þá fjölmörgu fræðimenn sem vakið hafa athygli á ónægri þekkingu á lífríki árinna og bæta þar úr. Rannsóknir á lífríki í og við Þjórsá eru sannanlega langt frá því að geta talist fullnægjandi.

Í tillögu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar kemur fram að við mat á virkjunarkostum í neðri hluta Þjórsár skuli einkum horft til áhrifa þeirra á laxfiska í ánni. Hvað varðar Hvammsvirkjun er tekið fram að vitað sé að „stífla og virkjun við Viðey muni hindra upp- og niðurgöngu fiska og valda tilheyrandi afföllum, en þetta er fyrir ofan náttúrulegt

útbreiðslusvæði sjögöngufiska.“ og jafnframt að “Lón og skert búsvæði neðan stíflu muni raska 68% búsvæða ofan Búða.”

Í skýrslu Skúla Skúlasonar og Haralds Rafns Ingvasonar, sem unnin var að beiðni verkefnisstjórnar, er mælt með að framkvæmt verði mat á lífvænleika fiskistofna í ánni (population viability analysis) auk athugunar á hlutfalli fullorðinna laxfiska sem snúa aftur til árinna (smolt-to-adult return rates). Bent er á að þar sem þessi þekking sé ekki til staðar beri að áætla afkomu fiska sem koma til með að fara í gegnum virkjanir með mikilli varúð.

Það er ljóst að eina forsenda Verkefnastjórnar fyrir því að færa Hvammvirkjun aftur í nýtingarflokk er sú að virkjunin hafi fyrst og fremst áhrif utan “náttúrulegs” útbreiðsluvæðis laxfiska. Með því er gefið til kynna að sá lax sem fór að ganga upp fyrir Búða með tilkomu fiskistiga árið 1991 hafi á einhvern hátt minna gildi en lax sem lifir neðar í ánni. Erfitt er að sjá hvaða rök gætu legið þar að baki, en að mati stjórnar Veiðifélags Þjórsár er engin munur á þeim fiski sem lifir fyrir ofan fossinn Búða og þeim sem lifir neðan fossins.

**Þar sem ekki hafa verið lögð fyrir stjórn veiðifélagsins vísindalega unnin gögn óháðra aðila, sem gefi til kynna að lausnir séu fundnar á virkjun árinna án hættu fyrir lífríki, telur stjórn veiðifélagsins fullkomlega ábyrgðarlaust að setja Hvammsvirkjun í nýtingarflokk.**

Stjórn Veiðifélags Þjórsár ítrekar allt það sem sett var fram í bréfi formanns veiðifélagsins til verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar þann 12. desember 2013 og fylgir erindi þessu merkt fylgiskjal 1.

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Þjórsár

---

Oddur Bjarnason formaður Veiðifélags Þjórsár